

Til fjölmiðla:

Í tilefni umfjöllunar um sölu stofnfjár í SPRON af hálfu eiginkonu minnar 21. júlí 2007 vil ég taka fram að á þeim tíma sem salan átti sér stað, bjuggu stjórnendur sparisjóðsins ekki yfir upplýsingum sem áhrif gátu haft á stofnfjárverð og ekki höfðu verið gerðar opinberar. Saksóknari efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra staðfesti þetta í svarbréfi í tilefni af fyrri kærnum dags. 23. júní 2008, sem fylgir hjálagt. Þá hefur Fjármálaeftirlitið ekki talið efni til þess að bregðast við ásökunum um meint brot stjórnar eða stjórnenda vegna sölu á stofnfjárhlutum sumarið 2007. Í kjölfar fréttatilkynningar frá stjórn SPRON þann 17. júlí var ítarlega fjallað um áform stjórnar SPRON og verðmat sparisjóðsins í fjölmiðlum 18. júlí. Kaupendur stofnfjárbréfa voru ekki á nokkurn hátt blektir af hálfu stjórnar eða stjórnenda SPRON.

Ég vil líka taka fram að mjög lítill hluti af sameiginlegri eign okkar hjóna í SPRON var seldur á þessum tíma eða 7% enda höfðum við miklar væntingar um framtíð SPRON og héldum eftir 93% af stofnfjárbréfaeign okkar í sparisjóðnum. Við sáum hins vegar ekki fyrir þá miklu lækkun sem átti sér stað á verðbréfamörkuðum haustið 2007 og á árinu 2008, frekar en aðrir, hvað þá það efnahagshrun sem átti sér stað í október 2008.

Það eru hrein ósannindi sem fram koma á visir.is í dag og höfð eru eftir Vilhjálmí Bjarnasyni að fólk tengt undirrituðum hafi selt mikið af stofnfjárhlutum sumarið 2007. Sannleikurinn er sá að enginn tengdur undirrituðum átti viðskipti með stofnfjárbréf á þessum tíma fyrir utan þau viðskipti sem eiginkona mín átti. Þá eru staðhæfingar Vilhjálms um rekstur SPRON á þessum tíma fullkomlega tilhæfulausar.

Í lok árs 2007 og á árinu 2008 áttu sér stað miklar umræður um það hvort stjórn eða stjórnendur SPRON hafi búið yfir svokölluðum innherjaupplýsingum í júlí 2007, þegar þeir áttu viðskipti með stofnfjárhluti. Svo var ekki svo sem hjálagt bréf saksóknara ber með sér.

Virðingarfyllt



Guðmundur Hauksson

Meðfylgjandi:

Afrit af bréfi saksóknara efnahagsbrotadeildar til Samtaka fjárfesta dags. 23. júní 2008.



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Reykjavík 23. júní 2008

Tilvísun: 2008040094

14.01

Samtök fjárfesta
b.t. Vilhjálmur Bjarnason
Hlíðarbyggð 18
219 Garðarbær


Varðar: Viðskipti stjórnarmanna í SPRON með stofnfjárbréf á árinu 2007

Með bréfi Samtaka fjárfesta dags. 7. apríl sl. til efnahgsbrotadeildar Ríkislögreglustjórans og meðfylgjandi bréfi Fjármálaeftirlitsins (FME) dags. 26. mars sl. til samtakanna komu þau á framfæri sjónarmiðum FME, um að til greina kæmi að stjórnarmenn í SPRON hefðu með viðskiptum með sínum með stofnfjárhluti í sparissjóðnum, eða tilskyldu samþykki við slíkum viðskiptum samstjórnarmanna, á tímabilinu frá 17. júlí til 7. ágúst 2007, brotið gegn almennum hegningarlögum.

Með vísan til erindis yðar f.h. Samtaka fjárfesta tilkynnist að efnahgsbrotadeild Ríkislögreglustjórans telur ekki tilefni til að hefja rannsókn vegna gruns um refsiverða hegðun vegna framangreindra viðskipta.

Eins og rakið er í bréfi FME til yðar dags. 26. mars sl. eiga innherjareglur laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 ekki við um þessi viðskipti. Hvilir því ekki skylda til að upplýsa um viðskipti stjórnarmanna með stofnfjárhluti, hvorki á þeim sem þau gera, né stjórn sparissjóðsins. Þrátt fyrir að upplýsingar um slík viðskipti kunni að geta haft áhrif á ákvarðanir annarra um kaup á stofnfjárhlutum þykir sú leynd sem á þeim hvíldi ekki nægja til að telja að um refsiverða hegðun hafi verið að ræða. Þá verður ekki séð að stjórnarmenn SPRON hafi á þeim tíma sem viðskiptin áttu sér stað, búið yfir trúnaðarupplýsingum um verðmat félagsins. Verðmat sem unnið var af Capacent hafði verið kynnt á heimasíðu SPRON 17. júlí og í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu 18. júlí 2007. Samkvæmt upplýsingum sem efnahgsbrotadeild hefur aflað frá FME voru þau viðskipti með stofnfjárhluti sem vísað er til gerð 20. júlí 2007, eða eftir að upplýsingarnar um verðmatið var birt opinberlega.

Virðingarfyllst,


Helgi Magnús Gunnarsson saksóknari efnahgsbrota

Afrit.
Fjármálaeftirlitið